

## Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

1. desember 2020

### Fundargerð (17)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 15. desember, kl. 14.03

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason  
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir  
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir  
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir  
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Sverrir Jónsson og Einar Mar Þórðarson  
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir  
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Rakei Guðmundsdóttir  
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson  
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir  
verkefnisstjóri  
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams föstudaginn 11. desember.

Dagskrá:

1. **Fundargerð** 16. fundar stýrihóps samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
3. **Dagvinnumenn og vaktavinnumenn - niðurstaða umræðu hjá launagreiðendum.** Fyrir fundinum lá minnisblað um niðurstöðu samtala milli launagreiðenda. Umræðan í hópi þeirra var í framhaldi spurninga í minnisblaði sem rætt var á fundi 17. nóvember. Þær komu frá undirhópi sem falið var að greina mismunandi form á vinnufyrirkomulagi og gera drög að leiðbeiningum til stjórnenda um hvernig skuli fara með ólíka hópa þegar vinnutímabreytingarnar ganga í gildi. Spurningarnar lutu að því hvort leiðbeiningar yrðu samræmdar eða ólíkar milli launagreiðenda. Niðurstaða launagreiðenda felur í sér eftirfarandi nýja skilgreiningu á vaktavinnumanni hjá ríki og sveitarfélögum: **Ef skipulagður vinnutími starfsmanns er að jafnaði fjórðungur eða meira utan dagvinnumarkta telst hann vaktavinnumaður.** Niðurstaða Reykjavíkurborgar er: **Vaktaálag vaktavinnufólks breytist 1. maí 2021 og mun Reykjavíkurborg mælast til þess að þær breytingar verði gagnvart öllum þeim sem fá greitt vaktaálag frá þeim tíma og nái þá einnig til þess hóps dagvinnufólks sem fær greitt vaktaálag skv. gr. 2.1.5.2.**

Málið rætt. Ákveðið að þroska þyrfti umræðuna frekar og skýra framhaldið milli fulltrúa launagreiðenda og launafólks í undirhópnum. Einar Mar tekur sæti Aldísar í undirhópnum og mun boða til fundar.

4. **Leiðbeiningar til stjórnenda - breytingar á vaktalínum.** – Fyrir fundinum lá minnisblað frá verkefnastjórn og lögfræðiteymi til stýrihóps um leiðbeiningar til stjórnenda varðandi breytingar á vaktaskrá og vaktafyrirkomulagi í nýju kerfi. Eftir umræðu var ákveðið að minnisblaðið yrði endurskoðað m.t.t. umræðunnar sem m.a. laut að því að greina milli leiðbeininga, sem

stýrihópur gefur stjórnendum og stéttarfélögum og leiðsagnar frá umbjóðendum stjórnendanna. Stefnt að afgreiðslu málsins á næsta fundi.

5. **Tímalína - mikilvægar dagsetningar.** Bára Hildur sagði verkefnisstjórnina leggja á það áherslu á öllum fundum að mikilvægar tímasetningar í ferlinu framundan haldi og vísaði þar til 15. janúar og 1. febrúar 2021. Fullur stuðningur stýrihópsins við að stífir tímarammar verði að halda til að mál komist í höfn fyrir 1. maí 2021.
6. **Tæknimál.** Bára Hildur upplýsti að enn sem fyrr hafi verkefnisstjórn miklar áhyggjur af því hvort takast muni að ljúka nauðsynlegum endurbótum á tæknikerfum til að þau geti stutt nægilega við framkvæmd betri vinnutíma í vaktavinnu. Sverrir sagði tæknileg úrlausnarefni hafa gengið hægar en vonast hafi verið til en sagði ekki ástæðu til að óttast að tæknikerfin yrðu flöskuháls í innleiðingu breytinganna.
7. **Næturvaktarþrep í stofnanasamningum .** Bára kynnti minnisblað um framkvæmd næturvaktarþrepa í stofnanasamningum og tilurð þeirra. Hún fór yfir leiðarljósinn í nýja vaktakerfinu og að í ýmsu tilliti séu “hvatar” í gamla kerfinu ósamræmanlegir því nýja kerfi sem verður undir leiðarljósum öryggis, heilsu og jafnvægis. Samþykkt að stýrihópurinn fái minnisblaðið sent til undirbúnings umræðu um málið á næsta fundi.
8. **Fræðslumál – lærdómur verkefnastjórnar.** Bára fór í örstuttu máli yfir þá lærdóma verkefnisstjórnarinnar af fræðslufundum með fulltrúum launagreiðenda og launafólks að nauðsynlegt sé að styrkja baklandið og stuðninginn sem stjórnendur og millistjórnendur geta fengið í sínum heimaranni. Óskir um stuðning af hálfu verkefnisstjórnar séu langt umfram þau mörk sem hægt er að sinna. Stýrihópurinn tók undir mikilvægi þess að hver sinni sínu fólki.
9. **Önnur mál**
  - a. Næstu fundir verða 5. janúar og 12. janúar 2021.
  - b. Á fyrsta fundi á nýju ári mun verkefnisstjórn setja fram tímasetta verkáætlun og greina frá því hvernig fylgst verður með því hvort sett markmið og forsendur standist. Meðal annars verður greint frá framvindu og stöðu innleiðingarhópa og matshópa sem vinna í umboði stýrihóps.
  - c. Rætt um nauðsyn þess að fá nýjan fulltrúa í verkefnisstjórnina þegar Dagný fer í fæðingarorlof á næsta ári.

Fundi slitið kl. 15.38. Fundargerð er aðgengileg á Teams.